



Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Rammasamningur um túlka- og þýðingarþjónustu – EES útboð nr. 15435

Tilboð í ofangreint rammasamningsútboð voru opnuð þann 23. maí sl. og skiluðu sex fyrirtæki inn tilboði. Rammasamningnum var skipt niður í fjóra hluta; Almenna túlkaþjónustu, rafræna túlkaveitu, almenna þýðingarþjónustu og þjónustu löggilts skjalaþýðanda. Neðangreind tafla sýnir hvaða fyrirtæki buðu í hvaða hluta:

	Eftirfarandi tilboð bárust:	Hluti 1 - Almenn túlkaþjónusta	Hluti 2 - Rafræn túlkaveita	Hluti 3 - Almenn þýðingar- þjónusta	Hluti 4 - Þýðingarþjón- usta löggilts skjalaþýðanda
1	Alþjóðasetur	x		x	x
2	Language Line Limited		x		
3	Ling Túlkaþjónusta ehf	x	x	x	
4	Scriptorium ehf	x		x	x
5	Túlka- og þýðingarmiðstöð Íslands ehf	x		x	x
6	Túlkaþjónustan slf	x		x	

Samkvæmt grein 0.8 í útboðsgögnum mun kaupandi semja við þá bjóðendur sem uppfylla hæfiskröfur í hverjum hluta fyrir sig.

Innkaupaskrifstofa leggur til við Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar að í hluta 1 (Almenn túlkaþjónusta) verði samið við Alþjóðasetur, Ling túlkaþjónustu, Scriptorium, Túlka- og þýðingarmiðstöðina og Túlkaþjónustuna í samræmi við ákvæði útboðsgagna. Framangreind fyrirtæki hafa öll staðist hæfisskilyrði útboðsgagna vegna hluta 1.

Innkaupaskrifstofa leggur til við innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar að í hluta 2 (Rafræn túlkaveita verði samið við Language Line Limited. Framangreint fyrirtæki hefur staðist hæfisskilyrði útboðsgagna vegna hluta 1.

Innkaupaskrifstofa leggur til við Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar að í hluta 3 (Almenn þýðingarþjónusta) verði samið við Alþjóðasetur, Ling túlkaþjónustu, Scriptorium, Túlka- og þýðingarmiðstöðina og Túlkaþjónustuna í samræmi við ákvæði útboðsgagna. Framangreind fyrirtæki hafa öll staðist hæfisskilyrði útboðsgagna vegna hluta 3.

Innkaupaskrifstofa leggur til við Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar að í hluta 4 (þjónusta löggilts skjalaþýðanda) verði samið við Alþjóðasetur, Scriptorium og Túlka- og



Þýðingarmiðstöðina í samræmi við ákvæði útboðsgagna. Framangreind fyrirtæki hafa öll staðist hæfisskilyrði útboðsgagna vegna hluta 4.

Ling túlkþjónusta uppfyllti ekki hæfiskröfur sem gerðar voru vegna hluta 2 og telst tilboð þeirra því ógilt hvað þann hluta varðar, sbr. 82. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016. Verður tilboði Ling túlkþjónustu hafnað í viðkomandi hluta.

Hektor Már Jóhannsson
Sérfræðingur
Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar